

Miðvikudaginn 24. september 1952.

Kærumálið nr. 14/1952:

Guðmundur H. Þórðarson f. h.
Sælgætisgerðarinnar Caro
 gegn
Guðlaugi Einarssyni.

Frávísun. Kærufrestur liðinn.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, þar sem sóknaraðilja var synjað um framhaldsfrest í máli varnaraðilja gegn honum. Hinn kærði úrskurður var upp kveðinn hinn 11. júní þ. á., og var sóknaraðili þá viðstaddur. Kæra sóknaraðilja barst héraðsdómara hins vegar eigi fyrr en hinn 19. júní s.l., og var kærufrestur því samkvæmt framangreindu þá liðinn, sbr. 1. mgr. 199. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafizt, og fellur hann því niður.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. júní 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 5. þ. m., hefur Guðlaugur Einarsson hdl., hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 13. f. m., gegn Guðmundi H. Þórðarsyni, Spítalastíg 5 hér í bænum, f. h. Sælgætisgerðarinnar Caro til greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 6.900.00, útgefins 16. febrúar þ. á. af Guðjóni Steingrímssyni, Suðurgötu 68, Hafnarfirði, og samþykkt af stefnda f. h. Sælgætisgerðarinnar Caro, til greiðslu í Búnaðarbankanum 16. apríl þ. á., en víxill þessi er ábektur af útgefanda.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér fjárhæð víxilsins, kr. 6.900.00, með 6% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Mál þetta var þingfest 15. f. m. Fékk stefndi þá 2 vikna frest til að rita greinargerð, og í þinghaldi 29. f. m. fékk stefndi framhaldsfrest í eina viku í sama skyni. Í þinghaldi 5. þ. m. óskaði stefndi enn eftir viku

framhaldsfresti til ritunar greinargerðar, en stefnandi mótmælti frekari frestveitingu. Lögðu aðiljar þá atriðið undir úrskurð.

Mál þetta er víxilmál, og verða því einungis fáar varnir hafðar uppi í því. Eins og að framan greinir, hefur stefndi þegar fengið verulegan frest til að tjá sig um sakarefnið. Hefur hann engin rök að því leitt, hvers vegna þeir frestir hafi ekki nýtt honum. Með vísan til þessa og með skírskotun til 110. gr. laga nr. 85/1936 verður hinn umbeðni frestur ekki veittur gegn andmælum stefnanda.

Magnús Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Alyktun:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Miðvikudaginn 24. september 1952.

Kærumálið nr. 15/1952:

Kristinn P. Friðriksson

gegn

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f og

Óla M. Ísakssyni f. h. Stefnis h/f.

Ómerking og frávísun vegna ólögmeets málatilbúnaðar og málflutnings.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 9. júní þ. á., er hingað barst 22. júlí þ. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 151. sbr. 148. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 4. júní þ. á., en með úrskurði þessum er hrundið kröfu sóknaraðilja um, að varnaraðili Óli M. Ísaksson f. h. Stefnis h/f verði skyldaður til að leggja tiltekin skjöl fram í dóm. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og nefndum varnaraðilja gert skylt að leggja skjölin fram. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar að skaðlausu.

Varnaraðiljar hafa hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerðir.

Athugun á málatilbúnaði og málflutningi í héraði af hálfu